



Reykjavík, 22. nóvember 2018

R18110153

6631

HBL/bþ

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fossvogur - Brú - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember 2018 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2018, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 14. nóvember 2018 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi vegna lagningu brúar yfir Fossvog.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Úrbætur í vegtengingum eru mikilvægar á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að væntanleg samgöngutenging með brú yfir Fossvog nýtist sem best fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Samflot þriggja og fleiri er liður í að minnka álag á gatnakerfið. Rétt væri að kanna áhrif þess að leyfa samflot í tengslum við brú yfir Fossvog hvað varðar álag í umferðarmódeli. Hér er tækifæri til að hvetja fólk til samflots með jákvæðum hætti. Þá liggur ekki fyrir hvernig staðið verður að fjármögnun mannvirkisins sem talið er að kosti 2.500 milljónir. Þá er rétt að tekið sé tillit til aðstöðu siglinga í Fossvoginum.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fossvogsbrúin verður mikil samgöngubót á höfuðborgarsvæðinu. Brúin hefur frá upphafi verið hugsuð þannig að hún nýtist eingöngu vistvænum samgöngumátum. Flutningsgeta hennar verður mikil og það skal ítrekað að allar viljayfirlýsingar og allar skipulagsáætlanir bæði Reykjavíkur og Kópavogs hafa alltaf gert ráð fyrir að brúin væri einungis fyrir hjólandi, gangandi og borgarlínu.

Helga Björk Laxdal
e.u.